



## 447. Stjórnarfundur haldinn 29. apríl 2015 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),  
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Guðjón Axelsson (GA).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Birgir Már Bragason (BMB).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/tilkynningar á nýjum framkvæmdastjóra UMFÍ, Auði Ingu Þorsteinsdóttur.

*Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/ umsókna um 21. unglíngalandsmót og 7. Landsmót 50+ UMFÍ. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá skrifstofustjóra UMFÍ Guðbirnu K. Þórðardóttur v/ framlengingar á  
umsóknarfresti í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ til 15. maí. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra fimleikadeildar v/ íþrótt- og leikjaskóla. *Móttekið og  
framkvæmdastjóra falið að afþakka samning v/ íþrótt- og leikjaskóla við Reykjanesbæ.*

### 3. Send bréf.

Umsókn send í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ v/ útlagðs kostnaðar fyrir gínur sem eru í bikaraskáp  
okkar.

### 4. Umhverfisdagur Keflavíkur.

Umhverfisdagur Keflavíkur var í gær þriðjudaginn 28. apríl. Dagurinn tókst vel. Yfir sextíummanns  
tók þátt og voru grillaðir áttatíu hamborgarar.

### 5. Unglíngalandsmót UMFÍ.

Guðjón Axelsson er fulltrúi aðalstjórnar í unglíngalandsmótsnefnd og jafnframt formaður nefndarinnar.

*Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir fulltrúum frá deildum í nefndina.*

### 6. Önnur mál.

EH sagði frá því að hann og KG sátu 72. Íþróttabing ÍSÍ sem haldið var í Gullhömrum 17.-18. apríl  
2015 sem fulltrúar Íþróttabandalags Reykjanesbæjar.

Undirritaður leigusamningur v/ Hæfingarstöðvarinnar fyrir apríl 2015 lá fyrir.

Knattspyrnutímabilið er að hefjast og er fyrsti leikurinn á sunnudaginn 3. maí.

*Framkvæmdastjóra falið að kaup á stuðningsmannakortum knattspyrnudeildar fyrir  
aðalstjórnarmenn.*

EH sagði frá því að hann væri búin að kaupa nýja ljósritunarvél eins og samþykkt var á síðasta  
fundi.

EH sagði frá því að framkvæmdastjóri Keflavíkur færi til Danmerkur 7. maí 2015 í ferð á vegum  
UMFÍ. Dagskrá ferðarinnar lá fyrir.

GA bar upp tillögu um að keypt yrði útvarp á skrifstofu aðalstjórnar. EH vék af fundi á meðan  
menn tóku afstöðu. Tillögu Guðjóns hafnað. Bent var á að hægt væri að hlusta á útvarpið í  
tölvunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:50

Næsti fundur er 12. maí kl. 18:00

Fundinn ritaði BS.





Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

